

**37. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
12. maí 2016 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu:

Sigríður Indriðadóttir formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi og Svala Kristín Hreinsdóttir deildarstjóri skólaþróunar og sérfræðibjónustu.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, deildarstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1604226 - Heimild til ráðningu leikskólakennara

Í lögum nr. 78/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er gert ráð að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara.

Leikskólinn Vallarsel hefur ekki náð að uppfylla lagaákvæði um 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna en til þess þarf að ráða um tvær 100% stöður leikskólakennara við skólann. Því er óskað eftir heimild til að ráða leikskólakennara í þessar stöður. Mismunur á launum starfsmanns í leikskóla og leikskólakennara er um kr. 2.500.000 á ári. Óskað eftir aukafjárheimild til leikskólans alls kr. 5.000.000 til að koma til móts við þennan launamun vegna þessara ráðninga.

Erindið hefur verið tekið fyrir í bæjarráði 28. apríl 2016 og því vísað til skóla- og frístundaráðs til frekari umfjöllunar.

Á fundinn mættu Elín Theódóra Reynisdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra og Margrét Þóra Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra leikskóla.

Skóla- og frístundaráð tekur jákvætt í erindið, sem er í samræmi við lög nr. 78/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, um ráðningu í tvær 100% stöður leikskólakennara við skólann frá 1.ágúst 2016. Áætlaður viðbótarkostnaður á árinu 2016 er kr. 2.100.000. Skóla- og frístundaráð leggur til við bæjarráð að veita viðbótarfjármagni til leikskólans vegna þessa. Enn fremur þarf að gera ráð fyrir kostnaði vegna þessara tveggja ráðninga við fjárhagsáætunargerð 2017.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.

Sigríður Indriðadóttir
Rakel Óskarsdóttir

Sigrún Inga Guðnadóttir
Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir

Kristinn Hallur Sveinsson